

Mánudagurinn 28. mars 2021 var haldinn rafrænn fundur hjá siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 13/2021

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 13. ágúst 2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X hafi gerst brotleg við grundvallar reglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para A við B án þess að hún hefði við pörun náð 24 mánaða aldri. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 13. ágúst 2021 og X gefinn 4 vikna andmæla frestur. X svaraði ekki innan andmæla tíma. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ.

III. Forsendur


Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV.Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegur við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

X hlýtur áminningu.


f.h. siðanefndar



Arnheiður Runólfsdóttir



Sóley Ragna Ragnarsdóttir



Svanhildur Skúladóttir